

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Sjálfsmatsskýrsla

Haut 2010

Skýrsla um innra mat við Verzlunarskóla Íslands 2009 – 2010

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Menntamálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Haustið 2002 var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum Verzlunarskóla Íslands og var niðurstaðan sú að skólinn þyrfti að taka aðferðir sínar við sjálfsmat til athugunar. Í því skyni var vinnuhópur kennara skipaður til að vinna með gæðastjóra að þessu verkefni. Gæðahópurinn skilaði sjálfsmati til menntamálaráðuneytisins vorið 2004 og haustið 2005. Í mars 2007 var í annað sinn gerð úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum við Verzlunarskóla Íslands. Að fengnum gögnum sem skólinn skilaði inn um sjálfsmat við skólann 2004 – 2007 og eftir fund með skólustjóra, aðstoðarskólustjóra, áfangastjóra og gæðastjóra, var niðurstaða ráðuneytisins í september 2007 sú að skólinn uppfyllti „viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.“

Viðhorfskönnun á meðal nemenda

Ár hvert er framkvæmd könnun á meðal nemenda skólans. Tilgangurinn er að kanna hvernig til hafi tekist í skólastarfinu um veturinn með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Frá vori 2006 voru gerðar kannanir sem ýmist voru almennar eða þar sem athugaðar voru einstakar greinar eða þá báðum aðferðum fléttað saman. Á vorönn 2008 var hins vegar gerð ein almenn könnun og aftur á haustönn sama ár en nauðsynlegt var að framkvæma slíka könnun á önninni þar sem venjuleg vorkönnun nær ekki lengur yfir áfanga að hausti, eftir að áfangaskipulagið var að fullu gengið í gegn í skólanum.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir nemendur í könnuninni haustið 2008:

Spurningar með vægi 1 - 5

1. Hversu mikilvægur er áfanginn að þínu mati?
2. Finnst þér sem námsgögn sem notuð eru í áfanganum góð eða slæm?
3. Hversu ánægður/óánægður ert þú með kennslu í áfanganum?
4. Eru fyrirlestrar of fáir eða of margir að þínu mati?
5. Eru verkefni í tímum of fá eða of mörg að þínu mati?
6. Eru heimaverkefni of fá eða of mörg að þínu mati?
7. Finnst þér þú læra mikið eða lítið í kennslustundum?
8. Finnst þér agi í kennslustundum of mikill eða of lítill í þessum áfanga?
9. Finnst þér yfirferð of hröð eða of hæg?
10. Finnst þér kennari útskýra námsefnið vel eða illa?
11. Finnst þér samskipti kennarans og þín vera góð eða slæm?

Spurningar fyrir textasvör

1. Af hverju valdirðu Verzlunarskóla Íslands?
2. Hefur skólinn staðið undir væntingum þínum?
3. Er eitthvað sem betur mætti fara í skólanum sem þú vilt koma á framfæri?
4. Hvað telur þú að mikill tími fari að jafnaði í heimanám á viku í klst. talið?

Könnunin að vori fór fram 16. og 17. mars 2010 og að vanda voru heildarniðurstöður kynntar á almennum kennarafundi fljótlega eftir að úrvinnsla hafði farið fram. Eftir almenna kynningu niðurstaðna fór skólastjóri yfir niðurstöður með hverjum og einum kennara í starfsmannaviðtölum.

Í þetta sinn var ákveðið, auk hinnar venjulegu úrvinnslu og greinargerðar sem fram kemur hér að ofan, að yfirkennari, verkefnastjóri vegna nýrra framhaldsskólalaga og gæðastjóri myndu skoða könnunina nánar og beina sjónum sínum að eftirtektarverðum niðurstöðum. Spurningar í könnuninni á vorönn 2010 voru alveg þær sömu og á haustönn 2008 og því ákveðið að bera saman niðurstöður þeirra með skipulegum hætti til að grennslast fyrir um hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á því rúma ári sem var liðið. Lögð hefur verið fram skýrsla með niðurstöðum. Áfram verður unnið með sama hætti úr niðurstöðum könnunar komandi skólaárs.

Mat vegna nýrra framhaldsskólalaga

Þegar samþykkt voru ný lög um framhaldsskóla 2008, varð ljóst að breytingar verða á mörgum þáttum í starfi framhaldsskólanna. Fyrsta skref til kynningar við Verzlunarskólann var fundur kennara og starfsfólks á Hótel Glym í Hvalfirði 1. nóv. 2008. Þar hélt Björg Pétursdóttir inngangserindi um hæfnipætti og aðrar nýjungar með frumvarpinu en síðan var rætt í hópum um ýmsar hliðar yfirvofandi breytinga.

Þessu næst var myndaður stýrihópur (í honum voru yfirkennari, deildarstjóri stærðfræðideildar og verkefnisstjóri um ný framhaldsskólalög). Þessi hópur sótti námskeið sem haldið var um nýju framhaldsskólalögin frá janúar til mars. Þá tók við vinna í einstökum deildum um hugmyndir um vinnu nemenda í einstökum greinum og áföngum þeirra á vorönn 2009. Hugmyndum þar að lútandi var skilað að vori 2009 og í byrjun haustannar 2009.

Í apríl 2009 var síðan skipaður verkefnahópur með fulltrúum allra deilda. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í maí 2009.

Verkefnahópurinn hélt síðan áfram störfum skólaárið 2009 – 2010. Alls voru haldnir fimm fundir með hópnum öllum yfir veturinn og mest fjallað um lykilhæfni og mögulegar námsbrautir í nýrri skipan skólans miðað við nýju lögin. Minni hópar fjölluðu um afmarkaðri verkefni á milli funda með hópnum öllum. Niðurstaðan fólst í tiltekinni línu varðandi lengd náms við skólann og hugmyndum um tilteknar námsbrautir sem unnið verður með áfram næsta vetur. Ákveðið var að halda þessu starfi áfram jafnvel þótt menntamálaráðuneytið hefði frestað gildistöku margra þátta nýju laganna á síðari hluta vorannar skólaársins.

Innra mat á fjarnámi

Skipulegt mat á fjarnámi með fjölbreyttum aðferðum hefur farið fram við á fjarnámi frá vorönn 2008 (sjá sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2008 – 2009). Á liðnu skólaári má segja að mesta orkan hafi farið í að bregðast við yfirvofandi niðurskurði í fjarnáminu.

Á vorönn 2010 stóð Mennta- og menningarmálaráðuneytið hins vegar fyrir úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Verzlunarskóli Íslands var einn þeirra skóla sem úttekt á fjarkennslu

beindist aðallega að. Hinir skólarnir voru Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautaskólinn við Ármúla. Í bréfi frá ráðuneytinu til skólastjóra VÍ kom fram að:

„Markmiðið með úttektinni er að meta hvort nám með fjarkennslusniði í íslenskum framhaldsskólum uppfylli kröfur gildandi laga, reglugerðar og aðalnámskrár og hvort í náminu séu gerðar sambærilegar kröfur og í reglubundnu námi í dagskólum framhaldsskóla. Með úttektinni skal veita upplýsingar um verklag og umgjörð fjarnáms, meta þörf fyrir fjarnám á framhaldsskólastigi með tilliti til ólíkra námshópa í fjarnámi. Ennfremur skal meta kostnað, skilvirkni og hagkvæmni fjarnáms og skoða starfsþróun kennara með tilliti til undirbúnings og þjálfunar í fjarkennslu.“

Úttektina gerður þær Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir frá Menntavísindasviði HÍ. Úttektin hófst í mars og skýrsla kom út um miðjan júní. Slóðin á niðurstöður er :

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam_uttekt_2010.pdf

Þess má og geta að fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands situr í hópi sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði til að kanna stöðu fjarnáms í framhaldsskólum en skýrsla þess hóps verður væntanlega birt á haustönn 2010.

Þróunarvinna

Starfendarannsóknirnar árinu á undan þóttu takast svo vel að ákveðið var að halda þeim áfram og fá dr. Hafþór Guðjónsson til að leiða starfið. Umsjón með hópnum hafði Bertha S. Sigurðardóttir. Tæplega 20 kennarar skráðu sig til þátttöku en af þeim voru aðeins um helmingur sem var virkur allan tímann. Fundir voru einu sinni í mánuði. Í upphafi fyrsta fundar sögðu kennarar hvað þeir ætluðu að rannsaka og síðan frá framvindu mála á rannsókninni, skiptust á skoðunum, komu með ábendingar o.s.frv. Voru þátttakendur á einu máli um mikilvægi þess að halda starfendarannsóknum áfram og sú hefur orðið raunin því þótt Hafþór sé ekki lengur með okkur og mánaðarlegir fundir um starfendarannsóknir hafi lagst af eru samt nokkrir kennarar sem eru að gera starfendarannsóknir í sínum bekkjum á þessu skólaári.

Lokafundur var haldinn í byrjun maí 2010 og í tengslum við starfið hýsti Verzlunarskólinn almenna ráðstefnu um starfendarannsóknir frá leikskóla til háskólastigsins sem þótti takast vel.

Vinna vegna skjalastjórnunar

Á haustönn var hafist handa við að skipuleggja með markvissari hætti en áður meðferð skjala við skólann. Í samstarfi við fyrirtækið Skipulag og skjöl var tekið til við að meta þarfir skólans á þessu sviði og á vorönn síðan ákveðið að nota forritið Sharepoint. Á önninni var síðan skipaður sjö manna stýrihópur; þrír úr yfirstjórn, kerfisstjóri skólans og kennarar. Þessi hópur ásamt Sigmari Þormar hjá Skipulag og skjöl, ásamt Skýrr, vann síðan að gerð málalýkils fyrir skólann. Fyrirsjáanlegt er að ofanefnt forrit haldi utan um skjöl sem verða til innan skólans í afar víðum skilningi og jafnframt uppfylla reglur um skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.

Skjalakerfið var kynnt á almennum kennarafundi í byrjun haustannar og námskeið fyrir alla starfsmenn skólans haldið 13. og 20. október 2009. Notkun skjalakerfisins fór af stað með vistun miðsvetrarprófa í desember 2009. Áfram verður unnið að því að efla notkun kerfisins til daglegra nota.

Mat á prófum

Undanfarin ár hefur einn af reyndustu kennurum skólans, Árni Hermannsson, gert skipulegar athuganir á lokaprófum við skólann, að frumkvæði yfirstjórnar. Að þessu sinni voru athuguð lokapróf í dagskóla eftir haustönnina. Við hendina hafði athugandi prófaniðurstöður seinni ára svo og jólapróf frá síðustu árum í einstökum greinum. Einkum miðaðist athugunin við „stærri greinar“ þ.e. greinar sem kenndar eru í fleiri en einni bekkjardeild í heilum árgangi.

Athugunin tók til eftirtalinna þátta:

1. Samanburðar á inntaki aðalprófa og sjúkraprófa í öllum bekkjum/áföngum.
2. Prófseinkunna, meðaleinkunna, dreifingar einkunna og vinnueinkunna.
3. Uppbyggingar aðalprófa, sjúkraprófa og endurtektarprófa.
4. Samanburðar við fyrri ár, einkunnagjafar og einkunnadreifingar.

Helstu niðurstöður og ábendingar voru síðan sendar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og kynntar á kennarafundi í upphafi vorannar í janúar. Því var síðan beint til einstakra deilda að ræða um og, eftir atvikum, bregðast við því sem fram kom.

Stefnumótunarfundur á Grand Hótel 30. okt. 2009

Haustið 2009 kom 15 manna hópur valinna starfsmanna Verzlunarskólans saman og ræddu málefni vinnustaðarins. Þremur árum áður höfðu hin „ytri“ málefni skólans verið rædd og yfirfarin. Nú var kominn tími til að skoða innri málefni skólans. Spurningar sem menn veltu upp voru t.d.

- Hvað þarf til að gera stofnun á borð við Verzlunarskólann að góðum og notalegum vinnustað, jafnt fyrir starfsmenn sem nemendur?
- Hvaða kröfur og væntingar höfum við til:
 - námsframboðs
 - aðbúnaðar
 - starfsmanna
 - nemenda?

Einnig ræddu menn um hver væru gildi skólans svo og hlutverk og framtíðarsýn og hver væru lykilatriði í framtíðarsýninni. Einnig ræddu menn um hvort skólinn hefði sérstöðu meðal framhaldsskóla landsins og hver væri hún þá.

Síðar um haustið var haldinn framhaldsfundur þar sem allir starfsmenn mættu. Báðir þessir fundir voru haldnir með aðstoð og undir stjórn sérfræðinga frá Capacent. Samantekt niðurstaðna er að finna í viðauka I. Það komu fram margar hugmyndir og þær hugmyndir að verkefnum sem starfsmenn vildu hafa í forgangi eru listaðar í viðauka II. Hugmyndirnar voru margar og mismunandi. Sumar voru þess eðlis að hægt var að hrinda þeim í framkvæmt strax, aðrar voru einfaldlega ekki framkvæmanlegar (ekki í bili alla vega) og aðrar settar í vinnslu. Í viðauka III eru skipunarbréf tveggja nefnda sem settar voru á laggirnar, jafnréttisnefnd og nefnd um nemendasjálftæði. Báðar nefndirnar hafa skilað skýrslu/tillögum og er þær að finna í viðauka IV.

VIÐAUKI I:



Hæfni

Hæfni

- Þekking
- Færni
- Fagmennska
- Símenntun

- Viljum skila nemendur hæfari út í lífið og það gerum við með því að hjálpa þeim að tengja það sem gerist innan veggja skólans við daglegt líf.
- Nauðsynlegar undirstöður:
 - Hæfni til þess að vinna með öðrum og fyrir aðra
 - Fagleg þekking og færni
 - Þekking á námssetni og almenn þekking
 - Vísasýni og umburðarlyndi
 - Hæfni til þess að fá nemendur til þess að yfirfara þekkingu á daglegt líf
 - Hæfni til þess að miðla til nemenda og virkja þá til árangursríks náms
 - Hæfni til samstarfs við kennara og annað starfsfólki
 - Færni til þess að viðhalda hvata/áhuga nemenda
 - Hafa jákvæð og fagleg áhrif á samstarfsfólk og nemendur
- Aðgerðir til þess að treysta gildin í sessi:
 - Sköpum tíma og vettvang til þróunar á kennslu
 - Sköpum tíma og vettvang til þróunar samstarfs
 - Gerum auknar körfur til starfsmanna og námsefnis
 - Aukum samstarf við háskóla og atvinnulíf
 - Aukum eftirfylgni með máli nemenda á kennurum
 - Eflum mannleg samskipti
 - Eflum skoðanaskipti
 - Verum dugleg að miðla af reynslu
 - Komum á huganarsbreytingu jafnt hjá nemendum og kennurum
 - Aukum tengsl milli ólíkra greina, þverfagleg samvinna

Ábyrgð

Ábyrgð
- Fyrirmynd
Trúmennska-
Höllina
- Trúnaður

- Viljum vera róleg og ánægð í starfi og geta treyst samstarfsfólki jafnt sem nemendum. Göngum til starfa með tilhlökkun og erum óhrædd við að segja skoðun okkar.
- Nauðsynlegar undirstöður:
 - Traust og öryggi á vinnustað
 - Að vita hvað er framundan og trú á því að starfið hafi tilgang
 - Ábyrgð starfsfólks, skólans, foreldra og stjórnenda
 - Samvinna
 - Samhjálp
 - Samræður
 - Samhyggja
 - Gagnrýni
 - Frelsi til að framkvæma
 - Að vera treyst
- Aðgerðir til þess að treysta gildin í sessi:
 - Tryggjum skýr markmið
 - Tryggjum gott og óflugt upplýsingaflæði og gagnsæi regla í starfi
 - Komum á skýrum afmörkuðum traustum vettvangi þar sem mál eru rædd t.d. Nýjar hugmyndir, umkvartanir og fleira
 - Hrós um á réttum augnablikum
 - Förum á námskeið, endurmenntun, sjálfs gagnrýni, starfsdagar og innri skoðun
 - Sýnum áhuga á öllu því sem við erum að fást við og þeirra sem við erum að vinna með

16. október 2010

Velliðan

Velliðan
- Viðurkenning
- Aðlöunaður
- Jákvæðni
- Traust

- Viljum traust og öryggi á vinnustað þar sem fólk fær viðurkenningu og jákvæða uppbyggilega gagnrýni á störf sín, sem og krefjandi verkefni við hæfi.
- Nauðsynlegar undirstöður:
 - Trúnaður og traust
 - Starfsgleði
 - Væntingar og merki um árangur af starfinu
 - Gagnkvæm virðing
 - Samvinna
 - Samhjálp
 - Samræður
 - Samhyggja
- Aðgerðir til þess að treysta gildin í sessi:
 - Tryggjum skýr markmið sem mótask af heilbrigðum metnaði og heiðarleika
 - Tökum frá tíma í töflu fyrir markviss samráð og samvinnu. Skapa vettvang fyrir samræður og úrlausnarverkefni er mikilvægt
 - Stuðlum að góðu og óflugu félagslífi
 - Sköpum heilbriggt vinnuumhverfi þannig að skólinn beri þess merki að hann sé siðaðra manna samfélag

16. október 2010

Velliðan

Virðing
- Samhyggð
- Umburðarlyndi
- Skilningur
- Stundvísni

- Viljum taka tillit til hvers annars og gera okkur betur grein fyrir að vinna allra er jafn mikilvæg. Verum stolt af því að vera hluti af þessari heild.
- Nauðsynlegar undirstöður:
 - Virða mörkin
 - Heiðarleiki
 - Jákvæð samskipti
 - Hróð
 - Virðing
 - Góður aðbúnaður
 - Heiðarleiki í samskiptum
 - Að vera samkvæmur sjálfum sér
 - Umburðarlyndi
 - Hafa það skemmtilegt saman
 - Að sjána öðrum áhuga
 - Samvinna án árekstra
 - Ljónræðisleg samskipti
 - Góð umgengi
- Aðgerðir til þess að treysta gildin í sessi:
 - Sinnum okkar þáttum af alúð
 - Verum til fyrirmyndar sjálf og gefum gott fordæmi
 - Setjum okkur í spor annarra
 - Leggjum áherslu á jákvæð og góð samskipti
 - Höfum hrósmenningu hjá öllum starfsmönnum árlega
 - Veitum nýjum kennurum "vin" sem kemur á tengslum og leiðbeinir faglega
 - Stöndum saman og ekkert baktal, tökum ekki undir baktal nemenda um aðra kennara

24. október 2010

Megináherslur

- Vinnuhverfi, sem einkennist af framúrskarandi aðbúnaði, starfsfólki og nemendum
- Mannauður þar sem sífelld endurnýjun þekkingar, samvinna og sveigjanleiki eru höfð að leiðarljósi
- Hefðir og menning sem byggir á reynslu og orðspori á sviði viðskiptamenntunar og félagslífs þar sem bekkjarkerfi og ríkar hefðir skapa festu og sérstöðu
- Nemendur sem njóta menntunar sem leggur áherslu á alhliða hæfni og metnaðarfull vinnubrögð

24. október 2010

■ Lykilatriði í framtíðarsýn VÍ

- Hæft starfsfólk með ólíkan bakgrunn
- Óflug liðsheild
- Gefandi þekkingarsamfélag í skapandi umhverfi
- Nútímaleg kennsla
- Náið samstarf milli ólíkra greina
- Metnaður og öguð vinnubrögð
- Skýr mælanleg markmið

24. október 2010

■ Lykilárangursþættir Verslunarskólans

- Upplýsingaflæði
- Vinnuumhverfi
- Mannauður
- Menning og gildi
- Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga
- Nemendur
- Þverfagleg samvinna

24. október 2010

■ Upplýsingaflæði

- **Skilgreining á verkefni:** Að bæta vitneskju á milli deilda, námsgreina, bókasafns, skrifstofu og annarra eininga
- **Markmið:** Öflugt upplýsingaflæði milli deilda og kennara
- **Ábyrgðarmaður:** Yfirkennari
- **Ávinningur:**
 - Ánægðara starfsfólk,
 - Betri tengsl á milli starfsmanna.
 - Minni þvingur má milli deilda
- **Áætluð verklok:** Áramót 2009-2010

16. október 2010

■ Upplýsingaflæði

- **Skilgreining á verkefni:**
 - Upplýsingar óaðgengilegar á vefnum, erfitt er að finna áfangalýsingar, starfsfólk og bókasafn
 - Bæta upplýsingaflæði frá stjórnendum og milli starfsmanna, deilda og til foreldra
 - Nota sharepoint – innranet betur
- **Markmið:** Gott aðgengi að upplýsingum á vefnum
- **Ábyrgðarmaður:** Þórður Hauksson
- **Ávinningur:**
 - Auðvelt að fá góðar upplýsingar um skólann, sparar tíma og þving
 - Minnkar álag, menn þurfa síður að leita svara og spyrja aðra starfsmenn.
- **Áætluð verklok:** Áramót 2009-2010

16. október 2010

Vinnuumhverfi

- **Skilgreining á verkefni:**

- Stuðla að bættri aðstöðu í skólastofum,
- Ýmist of heitt eða of kalt, Ofhár hiti í kennslustofum sem snúa í suður
- Vinnustellingar eru ekki góðar.
- Laga snaga, tryggja að stólar og borð séu við hæfi, koma fyrir plöntum og skreytingum
- Loftþræsting í gluggalausum herbergjum

- **Markmið:** Vinnuumhverfi sem einkennist af framúrskarandi aðbúnaði, starfsfólki og nemendum

- **Ábyrgðarmaður:** Kristinn

- **Ávinningur:**

- Notalegri skóli sem verður vinsælli af afspurn, betri líðan allra
- Eykur afköst
- Aukin starfsánægja

Gera könnun á meðal nemenda og kennara og kanna hvað þeim finnst á vanta

24. október 2010

- **Áætluð verklok:** Áramót 2009-2010

Vinnuumhverfi

- **Skilgreining á verkefni:**

- Stuðla að bættu vinnuherbergi kennara, í dag eru þau of þröng og töluverður vanbúnaður. Koma á betri gluggarými, sérborði og tölvu. Betri loftþræstingu

- **Markmið:** Vinnuumhverfi sem einkennist af framúrskarandi aðbúnaði, starfsfólki og nemendum

- **Ábyrgðarmaður:** Kristinn

- **Ávinningur:**

- Betri líðan kennara
- Aukin afköst sem skila sér til nemenda
- Eykur afköst
- Aukin starfsánægja

Gera könnun á meðal nemenda og kennara og kanna hvað þeim finnst á vanta

- **Áætluð verklok:** Áramót 2010-2011

24. október 2010

■ Mannauður

- **Skilgreining á verkefni:** Ráða mannauðsstjóra, sem hefur umsjón með endurmenntun, innri kynningarmálum og upplýsingaflæði, ráðningum, viðtölum o.fl.
- **Markmið:** Sífelld endurnýjun þekkingar, samvinna og sveigjanleiki eru höfð að leiðarljósi
- **Ábyrgðarmaður:** Jón Ingvar Kjarran
- **Ávinningur:**
 - Bætt kennsla
 - Ánægðari kennarar og aðrir starfsmenn
 - Sér um endurmenntun, stefna að því að allir starfsmenn séu með tilskilin réttindi
 - Tryggir markvissa innleiðingu starfsmannasamtala
 - Vinnur jafnréttisstefnu
 - Starfsmenn geta leitað til með ýmis vandamál
 - Heldur utan um endurmenntun starfsmanna sbr. Réttindi
 - Eflir starfsandann
 - Kemur á heilsustefnu, líkamsræktarstyrk, nudd, hreyfing
- **Áætluð verklok:** Janúar 2010

■ Mannauður frh.

- Liðsheild
 - Liðsheildarverkefni til þess að efla hópinn og innbyrðis samstöðu
- Starfsdagur
 - Taka frá einn dag á kennslutíma fyrir starfsdag. Unnið að samþættingu og samvinnu milli deilda

Menning og gildi

- **Skilgreining á verkefni:** Efla húsaga, siðferði og menningu
 - Innleiðing grunngilda
 - Innbyrðis virðing og framkoma gagnvart starfsfélögum og nemendum
 - Umræður um gildin bæði meðal nemenda og kennara
 - Mætingakerfi
 - Skýrari reglur og meiri agi í skráningum
- **Markmið:** Eflid siðferðisvitund allra sem starfa og nema við skólann
- **Ábyrgðarmaður:** Skólastjóri og skólastjórn
- **Ávinningur:**
 - Aukin siðferðisvitund nemenda og kennara
 - Hæfari borgarar
 - Meiri samheldni starfsmanna
 - Velliðan og ró
- **Eramkvæma þarf könnun á meðal nemenda og kennara, ásamt því að framkvæma einindlegar rannsóknir með viðtölum við úrtak úr hópi**

Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga

- **Skilgreining á verkefni:** Skilgreina sérstöðu skólans í ljósi nýrra laga
- **Markmið:** Nýta nýtt lagaumhverfi til vel ígrundaðra sóknar á grundvelli skynsamlegrar markmiða sem byggð eru á raunsæi, metnaði og aðlaðandi framtíðarsýn
- **Ábyrgðarmaður:** Yfirstjórn
- **Ávinningur:**
 - Skýr markmið sem auka afköst, skilvirkni og starfsánægju
 - Aukin þekking og færni allra starfsmanna og nemenda
 - Bætt starfsumhverfi
 - Áhersla á nýjunga og framfarir
 - Öryggi sem fylgir því að vita hvert stefnt er
- **Áætluð verklok:** Þegar hafið er þarf að ljúka innan árs

Nemendur

- **Skilgreining á verkefni:**
 - Leggja aukna áherslu án nemendaejlfstæði.
 - Minnka stýringu, koma á breyttum kennsluháttum
- **Markmið:** Auka ábyrgð nemenda á námi og vinnu
- **Ábyrgðarmaður:** Skólastjórnendur, kennarar og nemendur
- **Ávinningur:**
 - Aukin ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda
 - Aukin virðing og vinnufriður
 - Betti námsárangur og öguð vinnubrögð
- **Áætluð verklok:** Tekur ekki enda

24. október 2010

Þverfagleg samvinna

- **Skilgreining á verkefni:** Vera með þverfaglega heimildaritgerð. Nemendur velja sér efni sem þeir kanna til hlítar. Búa til þemaverkefni á ábyrgð nemenda þar sem snertifletir mætast
- **Markmið:** Auka þverfaglega heimildarvinnu nemanda
- **Ábyrgðarmaður:** Leiðbeinendur, t.d. Íslensku kennari og annar fagkennari
- **Ávinningur:**
 - Nemendur koma betur undirbúnir undir frekari framhaldsnám
 - Ýtir undir sjálfstæðari vinnubrögð nemenda
 - Opnar huga þeirra við að tileinka sér leikni og hæfni
 - Góður undirbúningur fyrir vísindaleg vinnubrögð
 - Eflir sjálfstæði í vinnubrögðum
 - Eflir orðspor skólans út á við
 - Nemendur vinna eftir ákveðnu ferli sem leiðbeinendur ákveða
- **Áætluð verklok:** komið á 2010

■ Þverfagleg samvinna

- **Skilgreining á verkefni:** Koma á þemadögum/þemaviku þar sem nemendur vinna að ýmsum verkefnum sem þeir velja sjálfir. Þurfa að kynna eða sýna niðurstöður
- **Markmið:** Auka sjálfstæð vinnubrögð nemenda
- **Ábyrgðarmaður:** Kennarar
- **Ávinningur:**
 - Sjálfstæðari vinnubrögð nemenda
 - Aukin ábyrgð á eigin námi
 - Aukin tenging við daglegt líf og atvinnulíf
 - Virkari og áhugasamari nemendur
 - Árangursvirkara nám
- **Áætluð verklok:** komið á 2010

14. október 2010

■ Næstu skref og verkefni

- **Skólanefnd**
 - Samþykkja stefnuyfirlýsingu sammælast um meginmarkmið
 - Ákveða um brautargengi stefnumarkandi verkefna:
 - Fyrirkomulag í húsnæði
 - Starfsmannastefna og stjórnun starfsmannamála
- **Skólastjóri og stjórnendur**
 - Endurskipuleggja upplýsingaflæði
 - Skipuleggja starfsdag og miðla stefnu og áherslum
 - Innleiða skipulag og ferli fyrir úrbætur og innri þróun
- **Starfsmenn**
 - Ræða og innleiða grunngildi og áherslur
 - Vinna að úrbótum í mætingakerfi
 - Miðla hugmyndum um og taka þátt í úrlausn úrbótaverkefna

14. október 2010

VIÐAUKI II:

Þemu

- Mannauður
- Nemendur
- Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga
- Menning og gildi
- Upplýsingaflæði
- Vinnuumhverfi
- Þverfagleg samvinna

Mannauður

- Heilsuefling – heilsustefna
 - styrkur frá skóla
- Endurmenntun
 - sveigjanleiki frá skóla
 - allir starfsmenn hafi fullgild réttindi
- Jafnréttisstefna
 - skipa starfshóp meðal starfsmanna og nemenda
- Starfsmannaviðtöl
 - hrósa og gagnrýna
 - fylgja betur eftir gæðakönnun
 - stuðningur skólastjóra

Mannauður – “verkefni”



- Verkefnastjóri (mannauðs-, starfsmannastjóri)
 - Sér um endurmenntun.
 - Allir fari í endurmenntun reglulega.
 - Allir fari í starfsmannaviðtöl.
 - Starfsmenn geta leitað til með vandamál.
 - Haldi utan um menntun starfsmanna sbr. réttindi.
 - Efla starfsandann.
 - Heilsuefling.
 - Gæðastjórnun (innskot IÓ)

Nemendur



- **Inntökuskilyrði – (einsleitni)**
 - Breyta inntökuskilyrðum til að fá fjölbreyttan nemendahóp. t.d. jafnara kynjahlutfall og taka tillit til fleiri færniþátta en skólinn leggur áherslu á.
- **Bekkir – (of fjölmennir)**
 - Draga úrfjölda nemenda í bekk, með því aukast persónuleg samskipti nemenda og kennara. Kennslan verður einstaklingsmiðaðri og sveigjanlegri. Verður meira utanumhald, nemendum líður betur og brottfall minnkar.
- **Agi og ábyrgð**
 - Stefna á markvissan hátt að nemendasjálftæði. Það eykur ábyrgð nemenda og virðingu fyrir eigin vinnu og annarra. Mun bæta aga meðal nemenda og kennara. Kennarar verða að fylgja eftir nýsamþykktum skólareglum og á þann hátt sýna gott fordæmi. Hafa reglulega fundi meðal kennara bekkja til að samræma áherslur og vinnulag. Hafa jafnvel einn tíma í viku til þessa funda. Hafa umræðupráð inni í Share point fyrir kennara ákveðinna bekkja.

Nemendur – “verkefni”

- Nemendasjálfstæði

- Stefna á markvissan hátt að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og vinnu.
- Minnka stýringu – breyttir kennsluhættir.
- Draga úr mötun.

Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga

- Fækka fögum á dag.
- Samvinna.
- Viðskiptagreinar – verslunarpróf.
- Bekkjarkerfi.
- Lengd kennslustunda.
- Auka sköpun.
- Tenging milli greina.
- Tenging við atvinnulífið.
- Prófafyrirkomulag.
- Tenging við aðra skóla (háskóla og grunnskóla).

Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga



- Þurfa að gera meira en aðrir skólar
 - heildarsýn
 - gæðastjórnun
 - byggja á þeim styrk sem hann hefur.
- Aukin þjónusta t.d. próf (toefl)
- Þjónusta við nemendur sem hafa útskrifast
 - tengjast atvinnulífi meira
 - skólinn bjóði uppá þróun.

Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga



- Kennsluhættir – tæki og tól
 - framsækinn
 - bekkjarkerfi
 - félagslíf
 - góður búnaður
 - góð aðstaða
 - nýjungar koma hratt inn
 - viðskiptamenntun.

Sérstaða skólans í ljósi nýrra laga – “verkefni”

- Sérstaða Verzlunarskólans í ljósi nýrra laga
 - nýta nýtt lagaumhverfi til vel ígrundaðrar sóknar á grundvelli skynsamlegra markmiða sem byggð eru á raunsæi, metnaði og aðlaðandi framtíðarsýn.

Menning og gildi

- Hefðir gamalt og gott
 - standa vörð um verslunargreinar – verslunarskóli
 - halda í hefðir, s.s peysufatadag, nemendamót, dimision
- Gildi fagaðs félagslífs
 - vinna gegn áfengisneyslu nemenda
 - fá utanaðkomandi aðila til að ræða menningarmál við nemendur

Upplýsingaflæði



- Vefsíða
 - upplýsingar óaðgengilegar, erfitt að finna áfangalýsingar, starfsfólk og bókasafn.
- Á milli starfsmanna og nemenda.
- Á milli starfsmanna og stjórnanda.
- Á milli starfsfólks og starfsfólks (á milli deilda).
- Á milli skólans og foreldra.
- Miðlægt dagatal.

Upplýsingaflæði – “verkefni”



- Auka upplýsingaflæði milli deilda
 - bæta vitneskju á milli deilda, námsgreina, bókasafns og skrifstofu.

Vinnuumhverfi



- Allir stjórnendur staðsettir í eða við skrifstofu.
- Bæta aðgengi að skrifstofu og vinnuumhverfi í skrifstofu.
- Stórbæta ljósritunaraðstöðu.
- Nestisaðstaða nemenda – borð stólar, ruslafötur og plöntur.
- Snagar fyrir flíkur. Innanhússímar.
- Borð og stólar passa ekki öllum.
- Almennileg gluggatjöld í býbyggingu. Jafna hita í stofum.
- Demastofur – heimastofur kennara en ekki bekkja.
- Hópvinnuherbergi.
- Minnka hávaða í matsal kennara.
- Búningsklefar skiptir í kvenna /karla.
- Starfsfólk klæði sig snyrtilega – framkoma til fyrirmyndar.

Vinnuumhverfi



- **Vinnuherbergi**
 - sér skrifborð fyrir hvern starfsmann
 - fjölga þeim og minnka þrengsli
 - of dreifð
 - kynna betur möguleika og staðsetningu á vinnu- og fundarherbergjum og hvernig rými eru pöntuð
 - bæta tölvubúnað, helst þ.a. hver hafi sína tölvu
 - opin rými fyrir kennara – láta þá ná betur saman
 - vatnskútar í vinnuherbergi
 - taka tillit til hvers annars – ekki láta síma hringja í vinnuherbergjum.

Vinnuumhverfi – “verkefni”



- **Vinnuherbergi kennara**
 - of þröng – vanbúnaður
 - gluggarými, sérborð og tölva, loftræsting
 - könnun meðal starfsfólks, yfirferð könnunar, aðgerðir (breyta og bæta eins og hægt er).
- **Skólastofur**
 - of heitt, of kalt – bjart, slæmar vinnustellingar, hávaði – kuldalegar
 - snagar, stólar og borð við hæfi, plöntur og skreytingar. Loftræsting, gluggar (þemastofur) – umgengni
 - gera könnun meðal nemenda og kennara – hvað vantar.

Þverfagleg samvinna



- Þverfagleg samvinna þarf að vera markviss og má ekki vera íþyngjandi.
- Umbunarkerfi þarf að vera hvetjandi sem og gæðæftirlit / gæðastjórnun.
- Tilgangur þarf að vera með samvinnunni.
- Efla þarf samvinnu ólíkra deilda og þeirra sem eiga margt sameiginlegt.
- Nýta svigrúmí nýjum lögum til þess að efla þverfaglega samvinnu.
- Skapa þarf vettvang fyrir áhugasamt fólk þar sem hægt er að mynda teymi.
- Áhugasamt fólk um þverfaglega samvinnu fái tækifæri til þess að hittast reglulega og vinna að hugmyndum.
- Hafa þemaviku þar sem kom að allar námsgreinar.
- Efla þarf þekkingu á kennsluefni milli deilda. Nemendur kynna niðurstöður.
- Efling þverfaglegrar samvinnu verði hluti af starfslýsingu yfirkennara.
- Efla samvinnu milli skóla.

Þverfagleg samvinna – “verkefni”



- **Tilraunaverkefni um þverfaglega samvinnu**
 - áhugasamir kennarar um þverfaglega samvinnu myndi teymi um þverfaglega samvinnu.
- **Þverfagleg heimildaritgerð**
 - nemandi velur sér efni sem hann kannar til hlítar
 - a.m.k. tveir leiðbeinendur, t.d. íslenskukennari og annar fagkennari.
- **Þemadagar /þemavika**
 - nemendur vinna að ýmsum verkefnum, sjálfvöldum kynna eða sýna niðurstöður
 - 3-5 dagar – lýkur með sýningu / kynningu.

Viðauki III

Nemendasjálftæði

- Ingibjörg S. Helgadóttir, formaður
- Sandra Eaton
- Ármann Halldórsson
- Jón Ingvar Kjara
- Soffía Magnúsdóttir

Í stefnumótunarvinnu sem fór fram meðal starfsmanna skólans fyrir áramót var m.a. rætt um að stefna þyrfti markvisst að auknu nemendasjálftæði og auka ábyrgð nemenda og virðingu fyrir eigin vinnu og annarra.

Nefndin skal m.a. skoða eftirfarandi:

- Hver er staðan í dag?
- Hvernig er hægt að:
 - láta nemendur bera meiri ábyrgð á námi sínu
 - auka aga meðal nemenda og kennara
 - minnka stýringu – breyta kennsluháttum
 - draga úr mötun?

Jafnréttismál.

- Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, formaður
- Þórhalla Arnardóttir
- Þórður Hauksson
- Bergur Tómasson
- Margrét Björnsdóttir, nemandi í 5-J
- Jakob Rolfsson, nemandi í 5-T

Hlutverk nefndarinnar verður m.a. að athuga eftirfarandi:

- Hver er staða jafnréttismála í Verzlunarskólanum í víðasta skilningi, jafnt meðal starfsmanna sem nemenda.
- Kortleggja hvað er miður í jafnréttismálum og koma með tillögur um úrbætur.
- Hvernig eru hlutföll kynja meðal starfsmanna og nemenda í skólanum.
- Hafa kynin sömu möguleika innan skólans.
- Koma með tillögu að jafnréttisstefnu fyrir skólann.



Nemendasjálfstæði

Niðurstöður vinnuhóps

Efnisyfirlit

| | | |
|-----------|---|----|
| <u>1</u> | <u>Samantekt</u> | 30 |
| <u>2</u> | <u>Ábyrgð – Virðing</u> | 31 |
| <u>3</u> | <u>Nemendamiðað nám</u> | 31 |
| <u>4</u> | <u>Námsmat</u> | 32 |
| <u>5</u> | <u>Viðfangsefni</u> | 32 |
| <u>6</u> | <u>Vinna kennara</u> | 33 |
| <u>7</u> | <u>Stundatafla – Vinnurammi kennara</u> | 33 |
| <u>8</u> | <u>Heimavinna</u> | 34 |
| <u>9</u> | <u>Kennslurými</u> | 34 |
| <u>10</u> | <u>Markmið skólans</u> | 35 |
| | <u>Fylgiskjal I</u> | 36 |
| | Fylgiskjal II | 11 |

Umræðuhópur um nemendasjálfstæði

Vinnuhópur, skipaður af skólastjóra, hittist fimm sinnum til að ræða nemendasjálfstæði. Fundirnir voru haldnir 23. febrúar, 2., 9., 23. mars og 12. apríl. Þar af var einn fundurinn með starfendahópnum og Hafþóri Guðjónssyni til að heyra skoðanir þeirra. Að auki fór fram umræða í tölvupósti.

Þátttakendur í vinnuhópnum voru: Ármann Halldórsson, Bergþór Reynisson, Ingibjörg S. Helgadóttir, verkefnisstjóri, Sandra Eaton og Soffía Magnúsdóttir.

Hópnum var m.a. ætlað að skoða hvernig nemendasjálfstæði væri háttað í skólanum og hvaða leiðir væru mögulegar til úrbóta.

- Hver er staðan í dag?
- Hvernig er hægt að:
 - láta nemendur bera meiri ábyrgð á námi sínu
 - auka aga meðal nemenda og kennara
 - minnka stýringu – breyta kennsluháttum
 - draga úr mötun?

Byrjað var að skoða fræðilegar skilgreiningar á hugtakinu nemendasjálfstæði (sjá fylgiskjöl I-II). Einnig skoðaði hver meðlimur vinnuhópsins hvað námskrá greinar hans segði til um nemendasjálfstæði. Í ljós kom, eins og fólk fyrirfram vissi, að í öllum námskrám kemur fyrir hugtakið nemendasjálfstæði þó á ólíkan hátt sé.

Að leiðarljósi var höfð skilgreiningin:

Einkenni nemendasjálfstæðis er að nemandinn sé tilbúinn að bera ábyrgð á eigin námi til þess að ná markmiðum sínum í eigin þágu.

Tekin voru saman þau atriði sem þykja mikilvæg í kennsluháttum og skipulagi kennslu og stuðla eiga að sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Í kafla eitt, sem nefnist samantekt, er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum vinnuhópsins sem er annars vegar skipt niður í þau atriði sem hver deild í skólanum gæti haft í huga við skipulagningu kennslu og námskrám þeirra áfanga sem tilheyra deildinni. Hins vegar eru það atriði sem eru innan verksviðs stjórnenda skólans að sjá fyrir.

Þegar kaflanum um samantekt lýkur, koma nokkrir kaflar þar sem er tekið er saman hvernig staða mála er varðandi ýmsa þætti sem skipta máli þegar nemendasjálfstæði er haft í huga. Fyrst er komið inn á stöðu mála í skólanum í dag og síðan hvað sé hugsanlega hægt að gera til að kennsluhættir og skipulagning námsins stuðli að nemendasjálfstæði.

Sá þáttur í skólastarfi Verzlunarskólans sem einna helst vinnur á móti nemendasjálfstæði virðist vera sú prófahefð sem hefur viðgengist um árabil. Þá er aðallega átt við skyndiprófin sem nemendur þurfa að læra undir í viku hverri og sinna á meðan ekki öðrum greinum. Í áföngum sem vara eingöngu í þrjá mánuði er spurning hvort þörf sé á prófum í námsefni sem einnig er til lokaprófs. Í stað þeirra mætti hugsa sér annars konar námsmat.

Samantekt

Atriði sem snúa að deildum og kennurum:

- hafa fjölbreytt símat – fækka þekkingaprófum á miðri önn úr þeim atriðum sem einnig eru til lokaprófs
- breyta námsmati. Minnka vægi lokaprófa – láta vinnu á önn gilda til jafns á við lokapróf. Hafa jafnvel lokaáfangu próflausa en stór alvöru verkefni
- láta kennslubækur ekki algjörlega stýra kennsluháttum
- hafa þverfagleg verkefni – samvinna deilda
- nota fjarnámskerfið WebCT í dagskólanum
- setja inn í námskrá deildanna – nemendasjálfstæði og notkun upplýsingatækni (ef það á við)
- vinna nánar með í sambandi við þrepaskiptingu áfanganna í nýrri námskrá
- tungumálakennarar taki upp „Evrópsku tungumálamöppuna“ og samræmi áherslur varðandi notkun hennar
- sleppa takinu! – Láta nemendur sjálfa bera ábyrgð á námi sínu.
- Auk þess þurfa kennarar að sjá til þess að nemendur:
 - setji sér markmið út frá markmiðum áfangans og íhugi hvernig þeir ætli að ná markmiðum sínum
 - velji að hluta viðfangsefni sín í hverjum áfanga
 - staldri annað slagið við og ígrundi hvað hefur áunnist og ástæður þess
 - afli sér þekkingar og færni sjálfir – ýti ekki á „copy“ og „paste“
 - haldi utan um verkefni sín og skili í lok annar – slíkar möppur mættu vera sameiginlegar í einhverjum fögum, t.d. tungumálamappa – raungreinamappa o.s.frv

Atriði sem snúa að skólastjórnendum:

- breyta stundatöflu – 60 mínútur
- setja í námskrá skólans að kennsluhættir séu í anda nemendasjálfstæðis og notkun upplýsinga- og samskiptatækni
- finna staði fyrir opnar vinnustofur
- gera ráð fyrir kennara á vakt í vinnustofunum
- veita dagskólanemendum og öllum kennurum sem kenna viðkomandi áfanga aðgengi að fjarnámsáföngum
- bæta inn í upplýsingakerfi skólans að hægt sé að setja inn skil á öllum verkefnum s.s. ritgerðum, kynningum og öðru sem nemendur þurfa að eyða tíma í
- kynna stefnu skólans vel fyrir nemendum – námsráðgjafar settir inn í málín

- sjá til að nemendum sé kynnt hvernig ábyrg upplýsingaöflun fer fram, kennd „akademísk“ vinnubrögð, Google doc, hvar.is o.þ.h. – hugsanlega í lífsleiknitímum
- sjá til þess að nemendur geti fengið aðstoð við gerð myndbanda, hljóðupptakna o.þ.h. svo einstök fög þurfi ekki að eyða sínum „dýrmæta“ tíma í það – samþætting
- stefna að því að skipuleggja *blandað nám*¹ í einhverjum áföngum

Ábyrgð – Virðing

Hvernig er staðan?

- Hingað til hafa það verið kennarinn og skólinn sem setja nemendum markmið og nemendur hafa átt að ná þeim markmiðum.
- Nemendur bera litla virðingu fyrir annarri vinnu en prófum. Ef þeir eiga að vinna verkefni þá leggja þeir oft lítinn metnað í þá vinnu, sérstaklega ef þeir fá ekki einkunn fyrir verkefnið. Oft er lítið á hópavinnu sem tilbreytingu en ekki hluta af námi. Ef „próf“ eða könnun er í einu fagi að deginum þá er erfitt að fá nemendur til annarrar vinnu í tímunum – og all marga daga eru „próf“ í einhverju fagi. Þegar að próftíma kemur (desember/maí) fyllast nemendur stressi og ef þeir telja sig lítið hafa lært þá er sökin sjaldan þeirra heldur kennarans.

Hvað er hægt að gera?

- Eitt af meginhugmyndum nemendasjálfstæðis er að nemendur setji sér eigin markmið og því væri æskilegt að láta nemendur Verzlunarskólans gera það í byrjun hverrar annar í öllum fögum. Til þess er hægt að útbúa sérstök matsblöð svipuð þeim sem Evrópuráðið hefur gert í tungumálum. Við gerð slíkra matsblaða er hægt að hafa markmið kennarans og áfangans til hliðsjónar. Nemendur þurfa þá að hugsa um það hvernig þeir ætli að ná þessum markmiðum.
- Safnmöppur (portfoliomöppur) þykja ýta undir nemendasjálfstæði. Því væri ekki úr vegi að nemendur hefðu safnmöppur í hverju fagi. Sum fög gætu tekið sig saman og haft eina möppu t.d. tungumálin, raungreinar, viðskiptagreinar svo það verði ekki allt of margar möppur í umferð. Á þann hátt bera nemendur hugsanlega meiri virðingu fyrir vinnu sinni.
- Það er mikilvægt að fækka „prófum“ á önninni þar sem nemendur þurfa að lesa mikið og undirbúa sig undir þau. Kennarar þurfa að hugleiða hvort þeir telji nauðsynlegt að vera að prófa í sama efni og er til lokaprófs í maí/desember. Æskilegra er að hafa fjölbreytt símat og nýta WebCT í dagskólanum. Einnig þarf að venja nemendur á jafningjamat og sjálfsmat og kenna þeim að virða slíkt matsform. Slíkt mat má framkvæma á marga vegu.

Nemendamiðað nám

Hvernig er staðan?

- Nemendur virðast hafa lítið val um verkefni í flestum fögum. Það eru kennararnir sem velja hvað á að lesa og fjalla um. Það er of lítið af sjálfstæðum verkefnum sem nemendur vinna í

¹ Blandað nám: Námsform þar sem blandað er saman staðnámi og fjarnámi í mismunandi hlutföllum.

hópum eða sér og of mikið af því að kennarar skrifi allt niður fyrir krakkana sem þeir eigi að læra og síðan eru þeir prófaðir úr því efni. Helstu staðreyndir er hægt að fá lánaðar hjá bekkjarfélagi sem nennti að skrifa af töflunni eða læra utanað glósur af power-point glærum kennara. Þetta er ekki nám í anda nemendasjálfstæðis og engan veginn nemendamiðað nám. Þetta er það sem kallað er mötun og utanbókarlærdómur en ekki nám sem stuðlar að aukinni færni nemenda. Óeðlilegt er að nemendur eigi að sitja í átta tíma á dag, þegja og skrifa niður eftir kennara.

Hvað er hægt að gera?

- Það að nemendur geti valið viðfangsefni sín að einhverju marki þykir gera hann sjálfstæðari og ábyrgari námsmann. Því mælum við með því að í hverju fagi sé val nemenda aukið.
- Hafa valverkefni ýmist einstaklings-, para- eða hópamiðuð og námsmat fjölbreytt.

Námsmat

Hvernig er staðan?

- Námsmat er allt of prófamiðað og mikill tími fer í próf í mörgum greinum.
- Auðveldast og þægilegast fyrir kennarann að meta nemanda út frá skriflegum prófum.

Hvað er hægt að gera?

- Hafa fjölbreytt námsmat, símat, jafningjamat, sjálfsmat.
- Fækka prófum á önninni.
- Breyta vægi sumra áfanga: t.d. 50% lokapróf – 50% símat.
- Sumir áfangar lokaprófslausir, verkefnavinna.
- Auka munnleg próf/kynningar sem gilda í námsmati. Staðreyndapróf á WebCT – heima eða í tímum.
- Samræma viðmiðunarramma til notkunar við námsmat milli deilda.

Viðfangsefni

Hvernig er staðan?

- Námsbækur stýra kennslu og námsmati.
- Kennarar stýra viðfangsefnum – lesa, glósa, svara spurningum, reikna dæmi.

Hvað er hægt að gera?

- Á upplýsingaöld (sem reyndar er liðin) er eðlilegt að nemendur sjálfir velji og finni texta til að nota til að ná markmiðum sínum með aðstoð kennarans.
- Láta nemendur búa til bæklinga, útvarpsþætti, dagblöð, myndbönd, kynningar o.fl. Nýta okkar frábæra bókasafn og Netið til upplýsingaöflunar.
- Kenna nemendum akademísk vinnubrögð; nota ábyrgar heimildir þegar verkefnin eru þess konar t.d. nota hvar.is, nota doc.google.com, EndNote.com, bækur, uppflettirit o.fl.

Vinna kennara

Hvernig er staðan?

- Hver faggrein er aðgreind og vinnur ein eftir sinni áætlun. Vinna annarra faga kemur öðrum ekki við.
- Það er ekkert samræmi milli faga og lítil samþætting. Kennarar vita ekki hvað nemendur eru að læra í öðrum greinum.
- Oft er samkeppni um tíma nemenda – vegna endalausra „prófa“.
- Í mörgum/sumum greinum er kennarinn „hinn alvitri fræðari“ sem er algjörlega andstæða kennslu í anda nemendasjálftæðis.

Hvað er hægt að gera?

- Það þarf að vinna að heildstæðu námi í skólanum, að kennarar viti hvað nemendur eru að gera í öðrum fögum.
- Skipuleggja mætti þverfaglegar áætlanir og verkefni, a.m.k. hluta af önninni. Nemendur í dönsku gætu sett upp leikrit um Egil Skallagrímsson o.s.frv. Þeir geta líka lesið fræðitexta um hornaföll og stærðfræðinga 15. aldar eða sögu jarðar. Með þverfaglegri vinnu þurfa kennarar tíma til að vinna saman og skipuleggja starfið öðru vísi.
- Þarf að bæta í upplýsingakerfið skil á verkefnum, ritgerðum o.fl. ekki bara „próf“ þannig að kennarar geti fylgst með vinnuálagi einstaka bekkja.
- Starf kennarans sem starfar í anda nemendasjálftæðis er leiðbeinandastarf en ekki miðlara. Það þykir ekki æskilegt eða eðlilegt að yfirfæra þekkingu kennarans á nemandann, hann á sjálfur að ná í þá þekkingu með hjálp kennarans.

Stundatafla – Vinnurammi kennara

Hvernig er staðan?

- Kennslustundir eru of stuttar. Þegar búið er að lesa nemendur upp er oft einungis rúmlega hálf tími eftir til kennslu og vinnu. Nemendur eru oft rétt komnir í góðan vinnugír þegar kennslustundin er liðin.
- Oft eru mörg fög á hverjum degi og tilsvaramyndi heimanám fyrir hverja grein. Nemendur eru sífellt að skipta um grein og fara úr einni vinnu í aðra.
- Ekki er gert ráð fyrir tíma til samvinnu kennara á milli deilda. Þetta mun sérstaklega vanta ef kemur til þverfaglegrar vinnu.

Hvað er hægt að gera?

- 60 mínútna kennslustundir væru æskilegar. Tíminn ætti að nýtast betur og með þessu fyrirkomulagi fækkar fjöldi greina á dag.
- Hugsanlegt væri að setja á samráðsfundi/vinnufundi (t.d. tvisvar á önn) þeirra kennara sem kenna sama bekk og þeir skipuleggi einhverja þverfaglega vinnu yfir ákveðið tímabil á önninni sem lyki í kynningu þar sem kennarar væru til staðar og mætu árangur.

- Hafa að auki einn starfsdag kennara á önn og þá væru nemendur að vinna sjálfstæða vinnu.
- Nota blandað nám (blanda af námi þar sem kennari er til staðar svo og sjálfstætt nám á Netinu) þar sem hluti námsins er sjálfstæð vinna á WebCT. Það er mjög auðvelt að skipulegga slíkt nám og að sama skapi auðvelt að fylgjast með hvort og hvernig það er unnið.

Heimavinna

Hvernig er staðan?

- Nemendur byrja af kappi á haustin og í janúar en smátt og smátt hættir heimavinna nema þegar um próflestur fyrir ákveðnar greinar er um að ræða.
- Eins og áður hefur komið fram eru mörg fög og mikil heimavinna. Langur vinnudagur frá 8 til 16, síðan tólmstundastarf, hljóðfæranám, íþróttir, skátar og jafnvel vinna með námi.

Hvað er hægt að gera?

- Enn og aftur – fækka prófum á miðri önn. Hafa fleiri verkefni, kenna nemendum að nota „Google docs“ þar sem þau geta öll unnið í sama skjali, pp-kynningum hvar sem þau eru staðsett. Þar að auki gleymist það skjal ekki í tölvu einhvers aðila í hópnum sem er veikur þegar kynning/skil verkefnisins á að fara fram.
- Hafa val um verkefni, WebCT-verkefni eða skrifleg verkefni. Sumum hentar betur að vinna í tölvu en aðrir vilja gera hlutina með „gamla“ laginu.
- Stundatafla nemenda má vera með „götum“ sem þeir nýta í samvinnu eða heimanám eða WebCT verkefni. Kjörið í blönduðu námi.

Kennslurými

Hvernig er staðan?

- Það eru of margir nemendur í hverjum bekk. Stundum getur verið erfitt fyrir kennara að komast á milli borða til að leiðbeina nemendum.
- Þegar nemenendur eiga að kynna verkefni þá er það mjög tímafrekt vegna fjölda nemenda. Nemendur oft búnir að missa áhugann og einbeitinguna þegar síðustu kynningarnar fara fram.
- Einhæft að sitja alltaf tvö og tvö saman og úr takti við nútímakennsluhætti.

Hvað er hægt að gera?

- Vantar opnar kennslustofur með tölvum þar sem nemendur geta farið og unnið í hópum. Þá getur hluti bekkjar verið í kennslustofunni og hinn hlutinn farið í opna vinnurýmið.
- Upplagt að skipta bekknum – helmingurinn kynnir í einum tíma en hinn helmingurinn vinnur sjálfstætt.
- Vantar kennara á vakt í kennslurýminu til að fylgjast með og aðstoða nemendur. Þarf ekki að vera fagmaður greinanna en nokkuð tölvulæs aðili.

Markmið skólans

Hvernig er staðan?

- Er þess getið í námskrá skólans/einstaka greina að markmið námsins sé m.a. að
 - efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin vinnu
 - efla færni nemenda í notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í öllum greinum

Þetta eru kröfur í stefnumenntamálayfirvalda um allan hinn vestræna heim m.a. íslenskra.

Hvað er hægt að gera?

- Verður að vera markmið skólans, það er ekki nóg að einstaka kennari vinni einn í sinni deild, eða ein deild vinni að slíkum markmiðum. Skólinn verður að setja fram sína stefnu í þessum málum.
- Þarf að kynna vel fyrir nemendum hvaða kennsluhættir séu viðhafðir í skólanum þannig að þeir samþykki þá en geri ekki ráð fyrir að það sé hægt að ýta á "copy" á kennarann og „paste“ á sjálfan sig.

Reykjavík 14. maí 2010

Ingibjörg S. Helgadóttir
verkefnisstjóri

Fylgiskjal I


Hvað er nemendasjálfstæði?

Umhverfi þar sem nemendasjálfstæði er haft í huga:

Fimm atriði þarf að hafa í uga þegar nemendasjálfstæði í tungumálanámi er haft að markmiði (Leni Dam, 1995).

1. *Skipta frá áherslu á kennslu til áherslu á nám.* Hvað á að læra og hvernig á að læra það? Val á verkefnum og vinnu sem er líklegt til að leiða til þess að nemandi verði virkur þátttakandi í námsferlinum.
2. *Breyting á nemendahlutverkinu.* Hugmyndir nemandans um tungumálanám og hæfni hans og innsæi er kjarninn í því að skapa sjálfstætt námsumhverfi. Nemandanum er gerð ljós ýmis atriði sem stuðla að námsþróun, opinber og önnur markmið og hvers konar efni og viðfangsefni geti verið nothæf, þjóðfélagsleg áhrif, hlutverk kennarans o.s.frv. Ætlast er til af nemandanum að hann skilgreini markmið sín, velji raunhæft efni og viðfangsefni og meti árangur námsins.
3. *Breyting á hlutverki kennarans.* Kennarinn:
 - a. leggur áherslu á nám frekar en kennslu
 - b. fylgist vel með námsframvindu nemanda
 - c. er opinn fyrir hugmyndum og uppástungum nemandans
 - d. styður frumkvæði nemandans
 - e. kynnir eða hvetur til frekari athafnasemi/virkni
 - f. fylgist með og greinir námshegðun til seinni tíma mats með nemanda
 - g. skipuleggur vinnuaðferðir og leiðir til námsmatsframvindu í samstarfi við nemanda
 - h. er ráðgjafi, þátttakandi og samnemandi í námsferlinu
4. *Hlutverk námsmats.* Námsmatið er þungamiðja námsferilsins. Það felur í sér endurteknar aðgerðir til að svara spurningum s.s.:
 - a. Hvað er ég/við að gera?
 - b. Af hverju er ég að gera þetta?
 - c. Hvað var gott og af hverju?
 - d. Hvað var slæmt og af hverju?
 - e. Hvað get ég notað þetta í?
5. *Kennslustofan.* Er ekki óraunverulegt umhverfi heldur er eins og vinnustaður eða tilraunastofa þar sem:
 - a. Hlutirnir eru prófaðir og kannaðir
 - b. Nemendur eru kennarar og kennarar eru nemendur
 - c. Ferli og innihald eru háðir hverju öðru

Conceptualising Learner Autonomy in Higher Education



Sheffield Hallam University

SHARPENS YOUR THINKING

Centre For Excellence in Teaching and Learning
Centre For Promoting Learner Autonomy
www.shu.ac.uk/cetl

Jafnréttisáætlun Verzlunarskóla Íslands

Samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns að setja sér jafnréttisáætlun. Í 18. gr. laganna kemur fram að í slíkri áætlun þarf að kveða á um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og hvernig atvinnurekendur/yfirmenn stofnana og félagasamtaka ætla að koma í veg fyrir kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustað.

Launajafnrétti

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|--------------------------------|-----------------|
| Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. | Árleg greining á launum og fríðindum starfsmanna ásamt tölfræðilegri samantekt. Leiðréttu laun ef óútskýranlegur mismunur kemur fram. | Skólastjórn og fjármálastjóri. | Athugað árlega. |

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|---|--------------------------------|-----------------|
| Bæði kyn skulu hafa jafna möguleika á starfi við skólann. | Við ráðningu skal litið fyrst til hæfni umsækjanda en leitast við að viðhalda jöfnum kynjahlutföllum í deildum. | Skólastjórn og deildarstjórar. | Athugað árlega. |
| Endur- og símenntun skal vera opin báðum kynjum og óháð aldri. | Við úrvinnslu umsókna skal fyrst og fremst líta til þess hvað nýtist stofnuninni sem best. | Skólastjórn og skólanefnd. | Athugað árlega. |
| Leitast skal við að jafna kynjahlutföll í þeim deildum þar sem hallar á annað kynið. | Litið skal til kynjahlutfalla í deildum og starfshópum þegar ráðið er til starfa. | Skólastjórn og deildarstjórar. | Athugað árlega. |

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|--|------------------------------|---|
| Tími til undirbúningsvinnu sé sveigjanlegur. | Að ábyrgð á undirbúningsvinnu sé hjá kennurum, óháð stund og stað. | Kennarar. | Endurskoðað árlega. |
| Að karlar og konur þekki og nýti sér réttinn til fæðingarorlofs, -styrkja og leyfa vegna veikinda barna. | Upplýsingar um réttindi starfsfólks séu aðgengilegar og skýrar. | Skólastjórn og trúnaðarmenn. | Athugað í upphafi skólaárs og kynnt nýjum starfsmönnum. |

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri eða kynbundinni áreitni.

- Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verði líkamleg, orðbundin eða táknað.
- Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður.

Telji starfsfólk sig verða fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni má t.d. leita til trúnaðarmanna eða jafnréttisfulltrúa.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|--|------------------------------------|---|
| Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir og fyrirfram ákveðin viðbrögð nauðsynleg. | Fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk ásamt því að koma á vinnureglum um hvernig skuli bregðast við ef slíkt kemur upp. | Námsráðgjafar/jafnréttisfulltrúar. | Kynning í september ár hvert ásamt því að vinnureglur skulu vera til í lok árs. |

Eftirfylgni.

Jafnréttisáætlun Verzlunarskóla Íslands á að vera í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun. Jafnréttisáætlunina ber að endurskoða samhliða starfsmannastefnu á 3 ára fresti.